# Fimmtudagur 17. ágúst

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Bleiki pardusinn** (The Pink Panther). Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Ólafur B. Guðnason.
18.20 **Unglingarnir í hverfinu** (Degrassi Junior High). Kanadískur myndaflokkur um unglinga í framhaldsskóla. Þýðandi Reynir Harðarson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Hver á að ráða?** (Who's the Boss?). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir.
19.20 **Ambátt** (Escrava Isaura). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Gönguleiðir.** Þáttaröð um þekktar og óþekktar gönguleiðir. Borgarfjörður eystri. Leiðsögumaður Pétur Eiðsson. Umsjón Jón Gunnar Grjetarsson.
20.55 **Matlock.** Bandarískur myndaflokkur um lögfræðing í Atlanta og einstæða hæfileika hans við að leysa flókin sakamál. Aðalhlutverk Andy Griffith. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
21.45 **Íþróttasyrpa.** Stiklað á stóru í heimi íþróttanna hérlendis og erlendis.
22.15 **Nýjasta tækni og vísindi.** Erlent efni í þessum þætti er um fornleifauppgröft í Caesareu og þjálfun þýskra geimfara. Þá verða sýndar tvær íslenskar myndir og er önnur um rannsóknir á hitakærum örverum en í hinni er fjallað um tölvulíkön og straumfræði. Umsjón Sigurður Richter.
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**



## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Með Beggu frænku.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum laugardegi.
19.00 **Myndrokk.**
19.19 **19:19.** Lifandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Brakúla greifi.** Bráðfyndin teiknimynd fyrir alla fjölskylduna.
20.30 **Það kemur í ljós.** Þeir spilafélagarnir fá góða gesti og taka óskalögin ykkar eins og þeim einum er lagið. Umsjón: Helgi Pétursson.
21.05 **Af bæ í borg.** Perfect Strangers. Gamanmyndaflokkur um frændurna Larry og Balki og bráðskemmtilegt lífsmynstur þeirra.
21.35 **Serpico.** Sannsöguleg og mögnuð mynd um bandarískan lögregluþjón sem afhjúpar spillingu á meðal starfsbræðra sinna og er þess vegna settur út í kuldann. Í aðalhlutverki er Al Pacino en hann var tilnefndur til óskarsverðlauna fyrir leik sinn í þessari mynd. Stranglega bönnuð börnum.
23.45 **Djassþáttur.**
00.10 **Jacqueline Bouvier Kennedy.** Myndin segir frá uppvaxtarárum Jacqueline, sambandi hennar við föður sinn og eiginmann og árum hennar sem dáð og virt forsetafrú Bandaríkjanna. Aðalhlutverk: Jaclyn Smith, James Franciscus, Rod Taylor og Stephen Elliott.



## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Jón Bjarman flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Randver Þorlákssyni. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Ólafur Oddsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.03 **Litli barnatíminn:** Nýjar sögur af Markúsi Árelíusi eftir Helga Guðmundsson. Höfundur les (9). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00. Áður flutt 1985.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn.** Umsjón: Þorlákur Helgason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Eftirhermur. Umsjón: Álfhildur Hallgrímsdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Pelastikk eftir Guðlaug Arason. Guðmundur Ólafsson les (13).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Miðdegislögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri) (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Frá Sigurði Fáfnisbana til Súpermanns.** Hetjusögur fyrr og síðar. Umsjón: Ólafur Angantýsson. (Endurtekinn frá 27. júlí.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin – Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Tsjækovskí, Sjostakovits og Katsjatúrian.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni í umsjá Ólafs Oddssonar.
19.37 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. (Einnig útvarpað á sunnudagskvöld kl. 21.10.)
19.55 **Litli barnatíminn:** Nýjar sögur af Markúsi Árelíusi eftir Helga Guðmundsson. Höfundur les (9). (Endurtekinn frá morgni. Áður flutt 1985.)
20.10 **Tónlistarkvöld Útvarpsins** – Frá samnorrænum tónleikum í Helsinki 10. maí í vor.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Það er drjúgt sem drýpur.** Vatn í íslenskum bókmenntum. Annar þáttur af þremur. Umsjón: Valgerður Benediktsdóttir.
23.10 **Gestaspjall** – Þetta ætti að banna. Stundum og stundum ekki. Umsjón: Viðar Eggertsson. (Einnig útvarpað mánudag kl. 15.03.)
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins!. Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, maður dagsins kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Guðrún Gunnarsdóttir, Þorsteinn J. Vilhjálmsson, Lísa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum. – Meinhornið.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin** – Íslandsmótið í knattspyrnu – 1. deild karla. Íþróttafréttamenn fylgjast með og lýsa leikjum Vals-Fram, ÍBK-KR og FH-Þórs.
21.00 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann: Vernharður Linnet og Atli Rafn Sigurðsson.
22.07 **Sperrið eyrun.** Skúli Helgason leikur þungarokk á ellefta tímanum og gæðapopp og verk gömlu rokkrisanna á þeim tólfta.
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Eric Clapton og tónlist hans.** Skúli Helgason rekur tónlistarferil hans í tali og tónum. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
3.00 **Rómantíski róbótinn.**
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi fimmtudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá Rás 1 kl. 18.10.)
5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
6.01 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03–19.00

## 98,9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið. Bibba í heimsreisu kl. 10.45.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu. Bibba í heimsreisu kl. 17.45.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
19.00 **Snjólfur Teitsson.** Þægileg tónlist í klukkustund.
20.00 **Listapopp.** Íslenski listinn milli 20 og 22. Listar frá Bretlandi, Bandaríkjunum og Evrópu kl. 22–24. Pétur Steinn Guðmundsson, Gunnlaugur Helgason og Bjarni Haukur Þórsson.
24.00 **Næturdagskrá.**
Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson** Morgunhress í meira lagi. Fréttir kl. 8 og 10. Stjörnuskot kl. 9 og 11.
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Hádegisverðarpottur Stjörnunnar og Hard rock, Bibba og fleira. Bibba í heimsreisu kl. 10.45.
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Lögin við vinnuna. Stjörnuskáldið valið kl. 16.30. Hlustendur láta í sér heyra. Bibba í heimsreisu kl. 17.45.
19.00 **Snorri Sturluson.** Nýr liðsmaður á Stjörnunni leikur nokkur vel valin gullaldarlög.
20.00 **Íslenski listinn.** Ýtarleg umfjöllun um vinsælustu lögin í Bretlandi, Bandaríkjunum og Evrópu. Umsjónarmenn eru Pétur Steinn Guðmundsson, Gulli Helga og Bjarni Haukur.
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Rót útvarp FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Laust.**
14.30 **Elds er þörf.E.**
15.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Í hreinskilni sagt.** Pétur Guðjónsson.
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **Neðanjarðargöngin 7–9–13.** Óháður vinsældalisti.
21.00 **Úr takt.** Tónlistarþáttur með Hafliða Skúlasyni og Arnari Gunnari Hjálmtýssyni.
22.00 **Tvífarinn.** Tónlistarþáttur í umsjá Ásvalds Kristjánssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt** með Ríkharði Sigurðssyni.

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur með ráðleggingum.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **Sylvanians.** Teiknimyndasería.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni
18.00 **Sale of the Century.** Spurningaþáttur.
18.30 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
19.30 **The Streets of San Francisco.** Spennumyndaflokkur.
20.30 **The Paper Chase.** Framhaldsmyndaflokkur
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.30 **Top End Down Under.** Ferðaþáttur.

## SKY MOVIES

13.00 **Island of the Lost.**
15.00 **A Hazard of Hearts.**
17.00 **Pajama Party.**
19.00 **At Close Range.**
21.00 **Hi Mom.**
22.30 **Once Upon a Time in America.**
02.20 **The Hitchhiker.**
03.00 **A Chorus Line.**

## EUROSPORT

9.30 **Evrópuleikar.**
10.30 **Trans World Sport.**
11.30 **Frjálsar íþróttir.**
14.30 **Hjólreiðar.**
15.30 **Eurosport Menu.**
16.00 **Mobil Motor Sport News.** Fréttir og fleira úr kappaksturkeppnum.
16.30 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
17.00 **Sundíþróttir.**
18.00 **Hestaíþróttir.**
19.00 **Knattspyrna.**
20.00 **Ástralski fótboltinn.**
21.00 **Hjólreiðar.**
22.00 **Sundíþróttir.**

## SUPER CHANNEL

13.30 **Poppþáttur.**
14.30 **Hotline.**
16.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
17.30 **'Allo 'Allo.** Gamanþáttur.
18.00 **Battle of Rogue River.** Kvikmynd.
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **High Flight.** Kvikmynd.
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**

### Rás 1 kl. 23.10:

# Gestaspjall

Í Gestaspjalli í kvöld fjallar Viðar Eggertsson leikari um uppþot í íslensku leikhúsi árið 1940. Uppþotið varð vegna þess að Leikfélag Reykjavíkur sýndi gamanleik Arnolds og Bach, Stundum og stundum ekki, og staðfærði leikinn til íslensks samtíma.



**Leikarinn og útvarpsmaðurinn Viðar Eggertsson.**

Mörgum þótti býsna nærri sér höggvið og varð taugatitringurinn slíkur að lögregla var fengin til þess að banna frumsýningu leikritsins. Leikurinn var því fyrst sýndur fyrir sérstaka nefnd sem átti að skera úr um það hvort óhætt væri að bera leikritið á borð fyrir saklausan almenning. Niðurstaðan varð sú að það væri einmitt óhætt og gekk sýningin lengi við góðar undirtektir eins og nærri má geta eftir slíka auglýsingu.

Hætt er við að þau atriði, sem fóru hvað mest fyrir brjóstið á fólki árið 1940, þættu frekar saklaus í dag. En Viðar Eggertsson rifjar upp sögu þessarar einstæðu leiksýningar og ber þar margt á góma. -Pá

### Rás 1 kl. 22.30:

# Það er drjúgt sem drýpur

Það er sagt að lífið hafi kviknað í vatni og að án vatns sé ekkert líf. Næstu tvö fimmtudagskvöld kl. 22.30 verður á rás 1 haldið áfram að fjalla um vatnið í ræðu og riti, hvernig mennirnir hafa skrifað um það, hugsað og ort í áranna rás.

Í fyrsta þættinum, sem var á dagskrá sl. fimmtudag, var fjallað um vatn í goðsögum, heimspeki, trú og stjörnuspeki.

Í næstu þáttum verður fjallað um vatn í bókmenntum og m.a. rætt við Eystein Þorvaldsson, Soffíu Auði Birgisdóttur og Ísak Harðarson en hann hefur nýlokið gerð ljóðahandrits þar sem vatnið streymir glatt í myndmáli ljóðanna. Umsjónarmaður þáttanna er Valgerður Benediktsdóttir og lesari með henni er Guðrún Gísladóttir leikari. -Pá



**Al Pacino í hlutverki Serpicos, lögreglumanns í dulargervi.**

### Stöð 2 kl. 21.35:

# Serpico

Kvikmynd byggð á sannsögulegum atburðum um bandarískan lögregluþjón í New York sem afhjúpar spillingu meðal starfsbræðra sinna og er fyrir vikið settur út í kuldann.

Lögreglumaðurinn Serpico klæddur dulbúningi starfar við að fletta ofan af starfsaðferðum eiturlyfjasala. Honum verður vel ágengt, eiginlega of vel því rannsóknir hans leiða í ljós að starfsbræður hans eru með flekkaðan skjöld því þeir þiggja mútur og halda hlífiskildi yfir glæpamönnum.

Það var Sidney Lumet sem leikstýrði Al Pacino í aðalhlutverki myndarinnar. Pacino var tilnefndur til óskarsverölauna fyrir túlkun sína á leynilögreglumanninum. Síðar voru gerðir sjónvarpsþættir um sama efni sem nutu skammvinnra vinsælda. TV-Guide gefur myndinni þrjár og hálfa stjörnu og segir hana bæði hraða og spennandi. -Pá